

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

Fjallaland, fristundabyggð, breyting á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti á fundi sínum 9. desember 2021 tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Fjallaland úr landi Leirubakka, dagsett 1. febrúar 2006. Breytingin gerir ráð fyrir að bætt verði við tveimur lóðum nr. 59 og 61 í framhaldi af núverandi lóðum á svæðinu. Nýju lóðirnar fylgja þeim skilmálum sem gilda um sambærilegar lóðir í gildandi skipulagi. Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hellu, 14. janúar 2022.

F.h. Rangárþings ytra,

Birgir Haraldsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 28. janúar 2022